

# STARFSLEYFI

## Reykjagarður v/Hellatúns

Alifuglarækt, allt að 8.000 fuglar

Hellatúni, fastanr. F2197998 09

851 Hella

kt. 6509032180

Nafn og kt. rekstraraðila: **Reykjagarður hf., kt. 6509032180**

Heimilisfang: **Fosshálsi 1, 110 Reykjavík**

**Útgáfudagur: 17. nóvember 2020**      **Gildir til: 17. nóvember 2032**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:**

**Fyrir alifugla- og svínabú  
dags. 17. nóvember 2020**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynna með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss    kt. 480284 0549    Sími 480 8250

Selfossi, 17. nóvember 2020

*Stella Hönn*

**Stella Hönn Jóhannsdóttir**  
heilbrigðisfulltrúi

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR ALIFUGLA- OG SVÍNABÚ

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum og sbr. reglugerð nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína.*

Í starfsleyfisskjali<sup>1</sup> skal tilgreina umfang starfseminnar, þ.e. þann fjölda dýra sem heimilt er að halda á búinu á hverjum tíma.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum og sér viðeigandi heilbrigðisnefnd um reglubundið eftirlit með rekstrinum.

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

Rgl.nr.

1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir öll alifuglabú með færri en 40.000 pláss fyrir alifugla og öll svínabú með færri en 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða færri en 750 pláss fyrir gyltur. Starfsleyfið er gefið út á grundvelli kennitölu rekstraraðila og staðsetningu starfseminnar. Starfsleyfið fellur úr gildi ef skipt er um húsnæði.	550/2018
1.2 Rekstraraðili skal taka upp innra eftirlit þar sem jafnóðum eru skráðir eftirfarandi þættir starfseminnar: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjöldi og tegund dýra (holdadýr, foreldradýr og afkvæmi)</li> <li>• Fjöldi sláturdýra og sjálfdauðra dýra,</li> <li>• Dagsett tæming þróa frárennslis,</li> <li>• Tæming hauggeymslna, dagsetning losunar og áætlað magn skíts,</li> <li>• Förgun annars úrgangs sem til fellur og áætlað magns úrgangs, þ.m.t. hræ og lyfjaleifar,</li> <li>• Mengunaróhöpp,</li> <li>• Skráning á frávikum og viðbrögðum við þeim.</li> </ul>	550/2018 8. og 57. gr.
1.3 Starfsemin skal vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum og samþykktum sveitarfélaga. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin sé með þeim hætti að	550/2018 6. og 56. gr.

<sup>1</sup> Forsíða starfsleyfis